



# Dagurinn þinn

## Brautskráning kandídata frá Háskóla Íslands 27. júní 2020

### Kæri kandídat.

Það stýttist í brautskráningu frá Háskóla Íslands og ég óska þér hjartanlega til hamingju með áfangann. Við erum afar stolt af þér og öðrum nemendum skólans og vonum að þér farnist sem best í framtíðinni.

Við vitum að síðustu mánuðir í Háskólanum hafa verið krefjandi og því vonumst við sannarlega til þess að þú komist á brautskráningu í Laugardalshöll til þess að fagna vel unnu verki ásamt samnemendum þínum. Við gætum sóttvarnaöryggis í hvítvetna á athöfninni eins og lesa má um hér að neðan.

Við viljum jafnframt gjarnan fá að rækta tengslin við þig í framtíðinni og vekjum athygli á hollvinastarfi skólans undir hatti Háskólavina, [www.hi.is/haskolavinir](http://www.hi.is/haskolavinir). Þar miðlum við upplýsingum um fjölbreytta starfsemi skólans sem vakið gætu áhuga þinn en við viljum líka fregna af þér og öðrum nemendum í framtíðinni.

Með kærri kveðju,

Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla Íslands

### Gott að vita fyrir brautskráninguna

**Staður og stund:** 27. júní kl. 10.00 í Laugardalshöll

**Mæting:** Í síðasta lagi klukkan 9.00

### Öryggi í fyrirrúmi

#### Lögð er áhersla á að brautskráningarathöfnin sé örugg m.t.t. sóttvarna.

- Laugardalshöll verður skipt í tvö svæði merkt A og B en starfsfólk leiðbeinir kandídotum um sætaskipan.
- Kandídatar frá Heilbrigðisvísindasviði noti inngang A.
- Kandídatar frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði noti inngang B.
- Tveggja metra fjarlægð er valkvæð og boðið verður upp á sérstakt svæði með tveimur metrum á milli sæta.
- Einungis kandídatar verða viðstaddir athöfnina að þessu sinni en hægt verður að fylgjast með henni á meðfylgjandi slóð: <https://livestream.com/hi/brautskraning2020>

**Sætaskipan:** Þú ert með frátekið númerað sæti sem kemur fram á nafnalista sem liggur frammi við komuna í Laugardalshöll.

**Athöfnin sjálf:** Þegar kemur að þínum hópi ganga kandídatar vinstra megin upp á sviðið að merkingu á gólfi. Þegar þú hefur tekið við prófskírteini frá deildarforseta og kveðju rektors gengur þú hægra megin niður af sviðinu og til sætis.

Ath. Ef þú hefur ekki tök á að vera viðstaddur/viðstödd brautskráninguna bið ég þig vinsamlega um að tilkynna það skrifstofu þinnar deildar fyrir **kl. 15.00 mánudaginn 22. júní**.

**Starfsfólk Háskóla Íslands verður á staðnum og veitir nánari leiðbeiningar.**

**Vinsamlega taktu fram ef þú vilt nota tveggja metra fjarlægðarregluna.**